

Mánudaginn 20. nóvember 1995.

Nr. 366/1995.

Samkeppnisstofnun

(Ólafur Axelsson hrl.) **og**

Steinullarverksmiðjan hf.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Þýsk-íslenska hf.

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Aðfarargerð. Aðfararheimild. Samkeppnisreglur. Stjórn-sýslukæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kærum 27. og 30. október 1995, sem bárust réttinum ásamt kærumálgögnum 8. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 26. október 1995. Er þar tekin til greina krafa varnaraðila um, að aðfarargerð fari fram hjá sóknaraðilanum Samkeppnisstofnun til fullnustu á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 14. ágúst 1995, þar sem mælt er fyrir um rétt varnaraðila til að fá tiltekna upplýsingar, sem varða sóknaraðilann Steinullarverksmiðjuna hf. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Báðir sóknaraðilar krefjast þess, að hafnað verði kröfum varnaraðila um aðfarargerð og honum gert að greiða þeim málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Varnaraðili kveður málið eiga rætur að rekja til bréfs síns 20. janúar 1995 til Samkeppnisstofnunar, þar sem hann kvartaði undan samkeppnishindrunum og ólögmætri synjun um sölu af hendi Steinullarverksmiðjunnar hf. Í bréfinu hafi hann meðal annars krafist, að Samkeppnisráð legði fyrir Steinullarverksmiðjuna hf. að selja hon-

um framleiðsluvörur sínar beint og milliliðalaust gegn verði og viðskiptakjörum, sem Samkeppnisráð ákveði, en um þetta hafi hann vísað til 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Undir rekstri máls um þetta fyrir Samkeppnisstofnun kveðst varnaraðili hafa óskað eftir aðgangi að tilteknum gögnum, sem Steinullarverksmiðjan hf. hafi lagt þar fram. Samkeppnisstofnun hafi ákveðið 7. júní 1995 að taka að hluta til greina þessa ósk varnaraðila, en hafnað kröfu hans um tiltekin gögn á þeirri forsendu, að um efni þeirra skyldi gæta trúnaðar. Varnaraðili undi ekki þessari ákvörðun og skaut henni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sbr. 9. gr. laga nr. 8/1993. Með úrskurði nefndarinnar 14. ágúst 1995 voru kröfur varnaraðila teknar að nokkru til greina. Krafðist hann í kjölfarið, að Samkeppnisstofnun léti umræddar upplýsingar af hendi.

Með bréfi 28. ágúst 1995 til Samkeppnisstofnunar vakti Steinullarverksmiðjan hf. athygli á því, að af hennar hálfu yrði höfðað mál til að fá fyrrnefndum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála hnekkt. Var af þessum sökum mælt til þess, að Samkeppnisstofnun léti hjá líða að afhenda varnaraðila þau gögn, sem mælt var fyrir um í úrskurðinum, þar til endanlegur dómur yrði fenginn í fyrirhuguðu máli.

Samkeppnisstofnun tilkynnti varnaraðila með bréfi 11. september 1995, að vegna málshöfðunar Steinullarverksmiðjunnar hf. teldi hún sér óheimilt að afhenda honum umrædd gögn. Krafðist þá varnaraðili fullnustu á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála með aðfarargerð, og gekk hinn kærði úrskurður um þá kröfu.

II.

Varnaraðili beindi beiðni sinni um aðfarargerð að Samkeppnisstofnun og bar hana upp fyrir héraðsdómi, svo sem kveðið er á um í 3. mgr. 58. gr. laga nr. 8/1993, sbr. 13. kafla laga nr. 90/1989. Fyrir héraðsdómi tók Samkeppnisstofnun til varna og jafnframt við hlið hennar Steinullarverksmiðjan hf., þótt kröfur hafi ekki verið gerðar á hendur henni í aðfararbeiðni. Málið varðar þó hagsmuni Steinullarverksmiðjunnar hf. þannig, að fyrir málsaðild hennar verður fundin stoð í meginreglu 28. gr. laga nr. 90/1989, sbr. einnig 1. mgr. 84. gr. sömu laga og 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem varnaraðili krefst fullnustu á, var kveðinn upp vegna málskots á ákvörðun sóknaraðila Samkeppnisstofnunar um formsatriði í rekstri stjórnsýslumáls fyrir henni. Áfrýjunarnefndin mælir í úrskurði sínum fyrir um leiðréttingu á því, sem hún telur hafa farið úrskaiðis við meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Úrskurðurinn er bindandi fyrir Samkeppnisstofnun að óbreyttum atvikum frá uppkvaðningu hans. Á hinn bóginn felur hann ekki í sér, hvorki eftir orðalagi sínu né eftir lögum eða eðli máls, að skylda sé lögð á Samkeppnisstofnun, sem varnaraðili geti knúið hana til að hlýðnast með aðfarargerð á grundvelli úrskurðarins. Verður því ekki fallist á þá skoðun varnaraðila, að lagastoð sé hér fyrir heimild til aðfarar í 2. mgr. 58. gr. laga nr. 8/1993.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og hafnað beiðni varnaraðila um aðfarargerð hjá sóknaraðilanum Samkeppnisstofnun á grundvelli umrædds úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Athuga ber, að varnaraðili gætti ekki að ákvæðum 7. gr. laga nr. 90/1989 við undirbúning að beiðni sinni um aðfarargerð, og skorti því einnig af þeim sökum skilyrði til að telja kröfu hans aðfararhæfa.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Þýsk-íslenska hf., um aðfarargerð til fullnustu á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 14. ágúst 1995.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 20. september sl. og tekið til úrskurðar 18. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Þýsk-íslenska hf., kt. 670976-0419, Lyngási 14, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Samkeppnisstofnun, kt. 680269-5569, Laugavegi 118, Reykjavík, og Steinullarverksmiðjan hf., kt. 590183-0249, Sauðárkróki.

Sóknaraðili krefst þess, að staðfest verði með dómsúrskurði heimild sín til aðfarar á hendur Samkeppnisstofnun til fullnustu úrskurði áfrýjunar-nefndar samkeppnismála frá 14. ágúst 1995 í málinu nr. 16/1995: Þýsk-íslenska hf. gegn Samkeppnisstofnun, samkvæmt eftirfarandi úrskurðar-orði:

„Áfrýjandi skal fá upplýsingar um hlutfallslega skiptingu sölu Steinullar-verksmiðjunnar hf. á árinu 1993 og 1994 til Krókháls hf. annars vegar og annarra viðskiptamanna hins vegar, án þess að sú sala sé frekar sundur-greind eða viðskiptamanna getið. Þá skal áfrýjandi fá upplýsingar um efni 2., 3. og 8. gr. dreifingarsamnings Krókháls hf. og Steinullarverksmiðjunnar hf., dags. í mars 1990. Að því er 2. gr. þess samnings varðar, skal þó annarra fyrirtækja en Krókháls hf. og Steinullarverksmiðjunnar hf. ekki getið með raunverulegum heitum þeirra. Jafnframt skal áfrýjandi fá upplýsingar úr bréfi Steinullarverksmiðjunnar hf., dags. 2. febrúar 1993, til Verðlagsstof-nunar um það, hver séu greiðslukjör Steinullarverksmiðjunnar hf. til Krók-háls hf. og hver hafi verið afsláttur samkvæmt bókhaldi Steinullarverk-smiðjunnar hf. frá verðlistaverði sem hlutfall af sölu innan lands á árunum 1989–1992.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati dómsins og að fjárnám verði heimilað fyrir honum og kostnaði af væntanlegri gerð.

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er þess krafist, að kröfu gerðarbeiðanda um, að staðfest verði með dómsúrskurði heimild til aðfarar á hendur gerðarþola til fullnustu á úrskurði gerðarþola, verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati dómsins. Krafist er virðis-aukaskatts á málskostnað.

Dómkröfur Steinullarverksmiðjunnar hf., sem styður aðild sína að máli þessu við 28. gr. og 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, eru þær aðallega, að kröfum gerðarbeiðanda verði vísað frá, en til vara, að synjað verði um framgang krafna gerðarbeiðanda. Krafist er málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að skaðlausu, hvernig sem málið fer.

II.

Með bréfi sóknaraðila til Samkeppnisstofnunar, dagsettu 20. janúar 1995, kvartaði gerðarbeiðandi undan ætluðum ólögmætum sölusynjunum og sam-keppnishindrunum Steinullarverksmiðjunnar hf. og krafðist þess, að Sam-keppnisráð kvæði á um, að Steinullarverksmiðjunni hf. yrði gert að selja framleiðsluvörur sínar beint og milliliðalaust sóknaraðila við því verði og með þeim viðskiptakjörum, sem Samkeppnisráð ákvæði, sbr. 17. gr. sam-keppnislaga nr. 8/1993.

Undir rekstri málsins fyrir Samkeppnisstofnun óskaði sóknaraðili eftir

aðgangi að tilteknum gögnum, sem lögð höfðu verið fram af hálfu Steinullarverksmiðjunnar hf. og vörðuðu mál aðila. Með ákvörðun, dagsettri 7. júlí sl., ákvað Samkeppnisstofnun að veita sóknaraðila aðgang að tilteknum gögnum, er málið varða, en hafnaði aðgangi að öðrum af þeirri ástæðu, að efni þeirra skyldi njóta trúnaðar. Sætti sóknaraðili sig ekki við þetta mat gerðarþola og skaut málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjunarnefnd kvað upp úrskurð sinn 14. ágúst 1995 og féllst að nokkru á kröfur sóknaraðila og kvað á um, að honum skyldi veittur aðgangur að frekari gögnum en kveðið hafði verið á um í ákvörðun Samkeppnisstofnunar.

Með bréfi 28. ágúst sl. fór lögmaður Steinullarverksmiðjunnar hf. þess á leit við Samkeppnisstofnun, að stofnunin framfylgdi ekki úrskurði áfrýjunarnefndarinnar, þar eð umbjóðandi hans hefði falið honum að höfða mál til ógildingar úrskurðar hennar. Varð Samkeppnisstofnun við beiðni lögmannsins og tilkynnti það lögmanni gerðarbeiðanda með símbréfi 11. september sl.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að Samkeppnisstofnun hafi með ofangreindri ákvörðun sinni brotið gegn skýrum ákvæðum 56. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sem kveði á um, að málshöfðun fresti ekki gildistöku úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála né heimildar til aðfarar samkvæmt honum.

Í III. kafla samkeppnislaga séu ákvæði, er kveði á um takmarkaðar heimildir aðila til málshöfðunar á hendur samkeppnisyfirvöldum og jafnframt að slík málshöfðun fresti ekki gildistöku úrskurða fyrrnefndrar áfrýjunarnefndar. Tilgangur þessara ákvæða sé án vafa að tryggja skjóta meðferð mála og skilvirkni samkeppnisyfirvalda, enda leiddi önnur regla til þess, að aðilar gætu með sífelldum málaferlum á hendur samkeppnisyfirvöldum tafið hugsanlegar aðgerðir þeirra um ótiltekinn tíma og þannig framlengt ólögmætt ástand, sem þeir hefðu hag af. Grunnrökin að baki því, að áfrýjun fresti ekki aðför, séu að sjálfsögðu þau, að löggjafinn gefi sér, að yfirgnæfandi líkur séu til þess, að úrskurðir áfrýjunarnefndarinnar séu í samræmi við lög og reglur, og því sé ástæðulaust, að almennir dómstólar endurskoði gerðir nefndarinnar, áður en aðför samkvæmt þeim fari fram. Að Samkeppnisstofnun skuli taka þátt í slíkri aðgerð, sé með öllu óskiljanlegt, þar sem það muni hafa í för með sér ófyrirséðar afleiðingar, ef fallist yrði á sjónarmið þessa varnaraðila og fullnustu úrskurðar áfrýjunarnefndar frestað, þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir í fyrirhuguðu dómsmáli varnaraðilans Steinullarverksmiðjunnar hf., enda geti liðið mörg ár, þar til endan-

leg niðurstaða liggur fyrir, fari málið fyrir Hæstarétt. Verði fallist á sjónarmið varnaraðila, sé gengið gegn ótvíræðum tilgangi áðurlýstra ákvæða samkeppnislaga og opnuð leið fyrir aðila til þess að tefja um ófyrirséðan tíma mál, sem til umfjöllunar eru hjá samkeppnisyfirvöldum. Sætti gerðarbeiðandi sig ekki við slíka málsmeðferð, og sé honum því nauðsynlegt að krefjast aðfarar á hendur gerðarþola til að knýja fram fullnustu á úrskurði áfrýjunarnefndarinnar.

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er í fyrsta lagi við það miðað, að umræddur úrskurður áfrýjunarnefndarinnar sé ekki aðfararheimild. Í 1. mgr. 58. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 komi fram, að tiltekna ákvarðanir Samkeppnisstofnunar og Samkeppnisráðs séu aðfararhæfar. Þar sé um að ræða ákvarðanir um stjórnvaldssektir og dagsektir og ákvarðanir um ógildingu á samruna. Í 2. mgr. sé sagt, að málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála fresti aðför, og síðan eins og í framhjáhlupi, að úrskurðir nefndarinnar séu aðfararhæfir. Megi ráða af samhenginu, að ætlunin sé, að úrskurðir nefndarinnar um stjórnvaldssektir, dagsektir og ógildingu á samruna séu aðfararhæfir. Ef ætlunin hefði verið að gefa úrskurðum æðri úrskurðaraðila svo miklu meira vægi en úrskurðum lægra stjórnvalds, hefði verið nauðsynlegt að taka það skýrar fram.

Þá megi benda á, að 58. gr. samkeppnislaga sé í kafla, sem heitir viðurlög. Af því megi draga þá ályktun, að í 58. gr. sé aðeins verið að fjalla um aðfararhæfi úrskurða um viðurlög. Bent sé á athugasemdir með frumvarpi til samkeppnislaga, þar sem fjallað sé um ákvæði 58. gr. laganna (61. gr. frumvarpsins), en þar segir: „Hér er kveðið á um, að viðurlög samkvæmt 54., 55. og 56. gr., sbr. 18. gr., og sakarkostnaður sé aðfararhæft“ (sic). Taki greinargerðin þannig skýrt fram, að það sé eingöngu í þessum tilteknu tilvikum, sem ákvarðanir samkeppnisyfirvalda séu aðfararhæfar. Enn fremur megi minna á, að það sé í andstöðu við meginreglur um fullnustu úrskurða, að úrskurðum lægra setts stjórnvalds þurfi að skjóta til herra setts stjórnvalds, til að þeir teljist aðfararheimild. Sé slíkt ekki aðeins óvenjulegt, heldur, eftir því sem best sé vitað, óþekkt í íslenskum lögum.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 90/1989 þurfi gerðarbeiðandi að senda gerðarþola áskorun um að efna skyldu sína, byggist krafa gerðarbeiðanda um aðför á úrskurði yfirvalds. Þurfi þessi áskorun að vera birt gerðarþola með ákveðnum fyrirvara og ákveðnum hætti, þ. e. send með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða birt með einum stefnuvotti. Sé engin heimild í aðfararlögum að víkja frá þessu skilyrði. Hafi sóknaraðili ekki sent varnaraðila neina slíka tilkynningu, og þar sem svo hafi ekki verið gert, sé skylt að hafna kröfu hans um aðför.

Í úrskurðarorði áfrýjunarnefndarinnar sé ekki minnst einu orði á varnar-

aðilann Samkeppnisstofnun og honum þar ekki lagðar neinar skyldur á herðar. Teljist varnaraðili því ekki réttur gerðarþoli, sbr. 1. mgr. 3. gr. aðfararlaga, auk þess sem úrskurðurinn sé aðeins viðurkenning á rétti sóknaraðila til að fá tiltekna upplýsingar, en ekki skyldu til að afhenda sóknaraðila tiltekna upplýsingar. Sé úrskurðurinn því ekki aðfararhæfur samkvæmt efni sínu, og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Ef niðurstaðan verði sú, að aðför verði heimiluð, yrði það andstætt meginreglunni um réttinn til að leggja ágreining um einkaréttarleg réttindi eða skyldur fyrir dómstóla, og komi þessi regla m. a. fram í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú sé lögfestur.

Að lokum telji varnaraðili, að sýnt hafi verið fram á, að svo mikill vafi leiki á réttmæti kröfu sóknaraðila, að rétt sé að hafna henni með vísan til lokamálsliðar 3. mgr. 83. gr. laga um aðför.

Frávísunarkröfu sína styður varnaraðilinn Steinullarverksmiðjan hf. þeim rökum, að greinargerð sóknaraðila fyrir lagarökum sé svo óljós, að varnaraðilum sé gert ókleift að taka afstöðu til þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. 58. gr. samkeppnislaga geti samkeppnisyfirvöld gert aðför til greiðslu dagsekta, sem lagðar eru á fyrirtæki samkvæmt 39. gr. um afhendingu upplýsinga og gagna, 40. gr. um vettvangsathugun og 41. gr. um upplýsingar til ESA og dómstóls EFTA. Fáa samkeppnisyfirvöld ekki upplýsingar og gögn samkvæmt ákvæðum þessum að undangengnum ákvörðunum og tilkynningum um fresti, megi beita sektum og innheimta þær með aðför. Sé hvergi í lögnum, að unnt sé að fá gögn afhent með innsetningu. Ef mikið liggi við, geti Samkeppnisstofnun hins vegar farið að lögum um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum, en með því sé átt við, að fá þurfi úrskurð dómara til leitar og halds á munum (gögnum). Felist ekki nein viðtækari heimild til aðfarar í 2. mgr. 58. gr. samkeppnislaga en að framan er lýst. Skorti því með öllu lagaheimild, sem sóknaraðili geti byggt á, til aðfarar í skjöl Steinullarverksmiðjunnar hf., hvort sem þau séu í vörslu Samkeppnisstofnunar eða hins fyrrnefnda.

Þá leiði og til synjunar á kröfum sóknaraðila, að önnur niðurstaða sé andstæð þeirri réttarreglu, sem nú sé skýrasta að finna í upphafsákvæði 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hafi verið hérlandis árið 1994, en þar sé kveðið á um rétt til að leggja sérhvern ágreining um m. a. einkaréttarleg réttindi og skyldur fyrir dómstóla.

Að lokum er því haldið fram, að úrskurður áfrýjunarnefndar sé of óskýr, til að dómsákvörðun um aðför verði á honum reist. Ekki komi fram, í hvaða formi sóknaraðili eigi að fá upplýsingarnar, né heldur, hver eigi að afhenda þær. Þá sé alls óljóst, hvernig úrskurður dómsins eigi að hljóða, til

að unnt verði að framkvæma hann við aðför, þar sem ekki sé nægilega skýrgreint í úrskurði og aðfararbeiðni, hvað sýslumaður eigi að gera, en skýrleiki aðfararhæfra réttinda sé skilyrði aðfarar.

IV.

Ótvírætt er af málatilbúnaði sóknaraðila, að hann krefst staðfestingar að fararheimildar til fullnustu á umræddum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 14. ágúst 1995 í máli nr. 16/1995, en ekki innsetningar samkvæmt 12. kafla laga nr. 90/1989 um aðför. Er kröfu Steinullarverksmiðjunnar hf. um frávísun máls þessa af þeim sökum, að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óljós, að eigi sé kleift að taka afstöðu til hans, þar af leiðandi hafnað.

Sóknaraðili krafði Samkeppnisstofnun um afhendingu þeirra gagna, sem mál þetta snýst um, með símbréfi 5. september sl. og aftur 11. sama mánaðar. Með símbréfi 11. september sl. neitaði Samkeppnisstofnun sóknaraðila um afhendingu gagnanna. Þykja þegar af þeirri ástæðu ekki efni til að taka til greina þá málástæðu nefnds varnaraðila, að sóknaraðili hafi ekki farið að formreglum 7. gr. laga nr. 90/1989 um sendingu greiðsluáskorunar, áður en aðför fer fram.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sæta ákvarðanir Samkeppnisráðs og Samkeppnisnefndar kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála, og skal úrskurður nefndarinnar liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

Í 1. mgr. 58. gr. laganna greinir frá því, að ákvarðanir Samkeppnisstofnunar og Samkeppnisráðs um að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eða mæla fyrir um ógildingu á samruna fyrirtækja séu aðfararhæfar svo og ákvarðanir þessara aðila um sakarkostnað. Í 2. mgr. sömu lagagreinar segir svo: „Málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála frestar aðför, en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.“

Í 56. gr. laganna er að finna heimild fyrir þann, sem vill ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar, til að höfða mál til ógildingar hans fyrir dómstólum, og skal það gjört innan sex mánaða, frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun nefndarinnar. Niðurlagsákvæði greinarinnar hljóðar svo: „Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt honum.“

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. aðfararlaga má gera aðför til fullnustu á úrskurðum yfirvalda, sem eru aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga. Umrædd ákvæði í 2. mgr. 58. gr. samkeppnislaga þykja eigi verða skýrð á annan veg en þann, að þar sé að finna bein fyrirmæli um, að úrskurðir áfrýjunar-

nefndar samkeppnismála séu aðfararhæfir. Í lögunum eða greinargerð með þeim er hvergi vikið að því, að aðfararhæfi úrskurða nefndarinnar sé takmarkað við stjórnvaldssektir, dagsektir, sakarkostnað eða fyrirmæli um ógildingu á samruna fyrirtækja, svo sem háttar til um ákvarðanir Samkeppnisstofnunar og Samkeppnisráðs, sbr. 1. mgr. nefndrar lagagreinar. Þykir því bera að skýra 2. mgr. 58. gr. laganna eftir orðanna hljóðan og á þann veg, að allir úrskurðir áfrýjunarnefndar séu aðfararhæfir eftir efni sínu. Þá er ljóst af skýru orðalagi 56. gr. laganna, að málshöfðun skuli ekki fresta gildistöku úrskurðar nefndarinnar eða heimild til aðfarar samkvæmt honum. Verður að telja, að rökin að baki þeirri lagareglu séu þau að tryggja skilvirkni samkeppnisyfirvalda og skjóta meðferð mála fyrir þeim.

Svo sem áður er rakið, á aðili, sem á sig telur hallað með úrskurði áfrýjunarnefndar, þess kost að sækja rétt sinn, m. a. til skaðabóta, í almennu einkamáli. Verður því ekki talið, að ofangreint lagaákvæði um aðfararheimild samkvæmt úrskurðum nefndarinnar brjóti í bága við 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hérlandis með lögum nr. 62/1994.

Mál það, sem sóknaraðili rak fyrir samkeppnisyfirvöldum, bar heitið: „Þýsk-íslenska hf. gegn Samkeppnisstofnun“. Er því alveg vafalaust, að úrskurður áfrýjunarnefndarinnar leggur Samkeppnisstofnun þá skyldu á herðar að láta sóknaraðila í té þær upplýsingar frá Steinullarverksmiðjunni hf., sem um ræðir í forsendum úrskurðarins og úrskurðarorði, en fram er komið í málinu, að Samkeppnisstofnun hefur í fórum sínum öll þau gögn, þar sem þær upplýsingar er að finna. Þá þykja úrskurðarorð vera nægilega skýr, til að framfylgja megi úrskurðinum með aðför.

Samkvæmt framansögðu verður krafa sóknaraðila um heimild hans til aðfarar á hendur Samkeppnisstofnun samkvæmt fyrrnefndum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála tekin til greina.

Dæma ber varnaraðila sameiginlega til að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000 kr. Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 er að finna lögbundna heimild til aðfarar fyrir m. a. málskostnaði og kostnaði af væntanlegri gerð, og er því ekki tilefni til að mæla í úrskurði þessum fyrir um heimild til fjárnáms fyrir nefndum kostnaði.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tekin er til greina krafa sóknaraðila, Þýsk-íslenska hf., um heimild hans til aðfarar á hendur Samkeppnisstofnun til fullnustu úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 14. ágúst 1995 í málinu nr. 16/1995: Þýsk-íslenska hf. gegn Samkeppnisstofnun, samkvæmt eftirfarandi úr-

skurðarorði: „Áfrýjandi skal fá upplýsingar um hlutfallslega skiptingu sölu Steinullarverksmiðjunnar hf. á árinu 1993 og 1994 til Krókháls hf. annars vegar og annarra viðskiptamanna hins vegar, án þess að sú sala sé frekar sundurgreind eða viðskiptamanna getið. Þá skal áfrýjandi fá upplýsingar um efni 2., 3. og 8. gr. dreifingarsamnings Krókháls hf. og Steinullarverksmiðjunnar hf., dags. í mars 1990. Að því er 2. gr. þess samnings varðar, skal þó annarra fyrirtækja en Krókháls hf. og Steinullarverksmiðjunnar hf. ekki getið með raunverulegum heitum þeirra. Jafnframt skal áfrýjandi fá upplýsingar úr bréfi Steinullarverksmiðjunnar hf., dags. 2. febrúar 1993, til Verðlagsstofnunar um það, hver séu greiðslukjör Steinullarverksmiðjunnar hf. til Krókháls hf. og hver hafi verið afsláttur samkvæmt bókhaldi Steinullarverksmiðjunnar hf. frá verðlistaverði sem hlutfall af sölu innan lands á árunum 1989–1992.“

Varnaraðilar, Samkeppnisstofnun og Steinullarverksmiðjan hf., greiði sóknaraðila sameiginlega 60.000 kr. í málskostnað.
